

Fimmtudaginn 17. október 1968.

Nr. 169/1968. **Stefán G. Ásmundsson**
 gegn
Gylfa Gunnarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Egilsson, bæjarfógeti í Neskaupstað, og samdómsmennirnir Ármann Eiríksson skipstjóri og Sveinbjörn Á. Sveinsson útgerðarmaður hafa kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. september 1968, er barst dóminum 4. október 1968. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að veittur verði frestur sá, sem synjað var um með úrskurði héraðsdóms, og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 1, j, laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar

18. september 1968.

Mál þetta hefur Stefán G. Ásmundsson skipstjóri, Naustahvammi 12, Neskaupstað, höfðað með stefnu, útgefinni 27. marz 1968, gegn Gylfa Gunnarssyni, Strandgötu 62, Neskaupstað, til greiðslu launa, kauptryggingar, ferðakostnaðar og orlofs, kr. 93.007.80, auk 1% vanskilavaxta á mánuði og hluta úr mánuði frá 9. marz 1968 til greiðsludags, málskostnaðar samkvæmt reikningi og alls kostnaðar við fullnustu dóms í máli þessu. Þá krefst hann einnig sjóveðréttar í m/b „Glað“, VE 270.

Stefnandi telur fjárhæð þá, sem hann krefst greiðslu á, vera til orða vegna vinnu sinnar sem skipstjóri á m/b „Glað“, VE 270, frá 13. janúar 1968, en hinn 9. marz s. á. hafi stefndi sagt sér upp skipstjórastöðunni fyrirvaralaust og að ástæðulausu. Stefndi hefur hins vegar talið, að stefnandi hafi brotið svo af sér í starfi, að uppsögnin hafi verið sér heimil.

Mál þetta var þingfest 5. apríl s.l. Lagði þá stefnandi fram eftirtalin skjöl: stefnu, umboð, lögskráningarfottorð, reikning frá stefnanda, afrit af greiðsluáskorun, símskeyti, umburðarbréf, málskostnaðarreikning, eintak af samningi milli Landssambands Íslenzkra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, greinargerð og leiðréttingu við launauppgjör. Stefndi lagði fram málflutningsumboð. Stefndi fékk síðan frest til þess að skila greinargerð til 19. apríl. Í því þinghaldi lagði stefndi fram eftirtalin skjöl: greinargerð, reikningsyfirlit yfir launauppgjör til stefnanda, yfirlit yfir greiðslur til stefnanda, vottorð þriggja manna af áhöfn m/b „Glaðs“, VE 270, um hegðan stefnanda sem skipstjóra. Þá gaf stefnandi aðiljaskýrslu fyrir dóminum. Frestur var síðan veittur stefnda til vitnaleiðslu og frekari gagnaöflunar til 24. maí. Þann dag var málinu frestað eftir sáttatilraun, sem varð árangurslaus, til 27. s. m., og var þá enn reynd sátt, en án árangurs og málinu frestað til 10. júní til vitnaleiðslu og gagnaöfnunar. Í því þinghaldi lagði stefnandi fram kvittanir frá sér fyrir greiðslum til skipverja á m/b „Glað“, VE 270. Fór síðan fram vitnaleiðsla af hálfu stefnda. Að henni lokinni lagði stefnandi fram eftirtalin skjöl: reikning fyrir fargjöld, reikning yfir vinnu við útbúning bátsins á veiðar, en stefndi lagði fram: viðskiptareikning við stefnanda pr. 15. maí 1968. Málinu var þá frestað til 14. júní, og fór þá fram vitnaleiðsla af hálfu stefnda, og lagði hann enn fremur fram eftirtalin skjöl: yfirlýsingu frá Sparisjóði Norðfjarðar, póstkvittun, kvittun stefnanda fyrir mótöku peninga, tvö ljósrit af ávísunum til stefnanda, kvittun fyrir úttekt stefnanda, yfirlýsingu stefnanda um skuld við vélaverkstæði í Vestmannaeyjum og reikning til stefnanda frá Hafnarbúðinni í Vestmannaeyjum. Stefndi bað síðan um frest til þess að ganga frá frekari gögnum, og úrskurðaði dómariinn honum frest til 21. júní þrátt fyrir mótmæli umboðsmanns stefnanda. Í því þinghaldi óskaði dómsformaðurinn eftir því, að málinu yrði frestað til 26. júní vegna forfalla af sinni hálfu. Í þinghaldinu 26. júní sótti enginn þing af hálfu stefnanda, en dómsformaðurinn gat þess, að umboðsmaður stefnanda hefði verið fluttur á sjúkra-

hús til Reykjavíkur og hefði óskað eftir, að málinu yrði frestað, og var sá frestur ákveðinn til 19. júlí. Í þinghaldinu 19. júlí sótti enginn þing fyrir stefnanda vegna veikinda umboðsmanns hans, en af hálfu stefnda var lagt fram skjal með tíu fylgiskjölum, sem varða ýmist bankaviðskipti stefnanda, úttekt hans, greiðslur þinggjalda hans eða vottorð um fisklandanir, allt frá þeim tíma, sem hann var skipstjóri á m/b „Glað“, VE 270. Þrátt fyrir mótmæli umboðsmanns stefnda var úrskurðaður frestur til 30. ágúst, og skyldi málið þá væntanlega munnlega flutt. Í því þinghaldi sótti enn enginn þing af hálfu stefnanda, en formanni dómsins höfðu borizt tilmæli frá umboðsmanni hans um, að málinu yrði enn frestað. Umboðsmaður stefnda mótmælti því, að frestur yrði veittur, og lýsti því yfir, að hann væri reiðubúinn að leggja fram skriflega vörn í málinu. Þrátt fyrir mótmæli umboðsmanns stefnda var frestur úrskurðaður til 6. september, og skyldi málið þá munnlega flutt. Í þinghaldinu 6. september var sótt þing af hálfu stefnanda samkvæmt sérstöku umboði frá hinum upprunalega umboðsmanni og farið fram á frest í einn mánuð á þeim forsendum, að stefnanda hefði ekki borizt afrit af dómsskjali því, sem lagt var fram í þinghaldinu 19. júlí, og hann því ekki getað kynnt sér efni þess. Þrátt fyrir mótmæli umboðsmanns stefnda var enn veittur frestur til 16. september, og skyldi málið þá enn tekið til munnlegs flutnings. Í þinghaldinu 16. september var enn sótt þing af hálfu umboðsmanns stefnanda, og fór hann fram á, að málinu yrði frestað í tvo mánuði á þeim forsendum, að umboðsmaður stefnanda hefði aldrei samþykkt, að gagnasöfnun væri lokið, enda hafi honum ekki borizt dómsskjal það, sem lagt var fram í þinghaldi 19. júlí, fyrr en með endurriti, dags. 9. september s.l. Enn fremur kann svo að fara, að nauðsynlegt sé að leiða vitni í málinu, sem heimili eigi í öðru lögsagnarumdæmi og afla einnig gagna þaðan. Umboðsmaður stefnda mótmælti frestbeiðninni, gagnaöflun væri löngu lokið og taldi stefnanda eða umboðsmenn hans hafa haft nægilegan tíma og tækifæri til þess að kynna sér efni síðast framlagða dómsskjalsins. Enn fremur hélt hann því fram, að umboðsmaður stefnanda hefði lýst því yfir, að gagnasöfnun væri lokið.

Eins og að framan greinir, hefur mál þetta verið rekið með eðlilegum hraða fyrst framan af, en staðnar eftir þinghaldið 26. júní, er umboðsmaður stefnanda veikist. Málinu hefur síðan verið frestað æ ofan í æ þrátt fyrir það, að enginn sækti þing fyrir stefnanda, og þrátt fyrir ítrekuð mótmæli umboðsmanns stefnda.

Eftir að umboðsmaður stefnanda hafði veitt öðrum umboð til þess að sækja þing í málinu fyrir sína hönd, var enn einungis beðið um fresti. Eigi hefur verið upplýst, hvers eðlis veikindi umboðsmanns stefnanda eru eða hversu langvinn þau kunna að verða, og benda því allar líkur til þess, að umboðsmaður stefnanda hefði á fyrra stigi málsins átt að fá það í hendur lögmanni, sem gat leitt það til lykta á eðlilegan hátt. Varðandi þau rök fyrir frestbeiðninni, að svo kunni að fara, að leiða þurfi vitni, sem heimili eigi í öðru lögsagnarumdæmi, og afla einnig gagna þaðan, ber á það að líta, að umboðsmaður stefnanda lagði fram sín síðustu dómsskjöl 10. júní, en umboðsmaður stefnda sitt síðasta skjal 19. júlí og telur þá gagnasöfnun lokið. Eigi hafa verið leidd rök að því, að nauðsynleg sé frekari vitnaleiðsla eða gagnaöflun af hálfu stefnanda. Hann hefur að vísu ekki gefið yfirlýsingu um, að gagnasöfnun væri lokið, en rekstur málsins bendir til hins gagnstæða.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 21. október 1968.

Nr. 93/1967. **Karl Sigurbergsson**
 (Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
 gegn
Eldey h/f (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. maí 1967, en málið var þar fellt niður hinn 2. júní s. á. sökum útivistar